

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 23. mars kl. 13:00 var haldinn 288. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir og Eyþór Laxdal Arndals, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóá Þorvaldsdóttir.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram fundargerðir SF 285, 286 og 287. Undirritun frestað.
2. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála fór yfir stöðu fjármögnum og fjárhagsleg áhrif Covid-19 á samstæðuna. Einnig gerð grein fyrir sviðsmyndum varðandi arðgreiðslur og fjárfestingar á árinu 2020 og næstu ár. Umræður.

Stjórn óskar bókað:

Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í heiminum og sterkrar stöðu fyrirtækisins, vill Orkuveita Reykjavíkur styðja við eigendur sína og viðskiptavini með margþættum aðgerðum. Í fyrsta lagi að flýta fjárfestingum á þessu og næsta ári sem ella hefðu beðið. Í öðru lagi að kappkosta að lágmarka gjaldskrár sem og að rýmka gjaldfresti. Í þriðja lagi skoða fjárhagsleg samskipti Orkuveitunnar og eigenda. Í fjórða lagi að huga að sölu eigna.

Stjórn felur formanni og varaformanni ásamt stjórnendum fyrirtækisins að ræða við eigendur um útfærslu framangreindra þátta.

3. Grettir Adolf Haraldsson mætti til fundarins klukkan 14:30 og kynnti ásamt Magneu Guðmundsdóttur og Atla Bollasyni hönnuðum, svohljóðandi tillögu um framkvæmdir í Elliðaárdal. Tillögumni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að fela forstjóra að bjóða út framkvæmdaðfanga 2.1 að sögu- og tæknisýningu í Elliðaárdal á grundvelli kostnaðaráætlunar hönnuða verkefnisins. Áfangi 2.1 tekur til jarðvegsframkvæmda og frágangs á yfirborði á útisvæðinu við húsaþyrpingu OR í Elliðaárdal. Stjórn felur forstjóra jafnframt að ganga til samninga við verktaka um að ráðast í framkvæmd verksins svo fremi að hagstæðasta tilboð sem berst uppfylli gæðakröfur hönnuða og sé ekki hærra en sem nemur kostnaðaráætlun hönnuða að viðbættum 30% vikmörkum.

Samþykkt samhljóða.

4. Bjarni Snæbjörn Jónsson mætti til fundarins kl 14:45 og kynnti niðurstöðu gildakönnunar sem gerð var meðal starfsmanna samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.
5. Reynir Guðjónsson, öryggisstjóri mætti til fundarins kl 15:15 og gerði grein fyrir viðbrögðum OR samstæðunnar vegna Covid-19.

Stjórn óskar bókað:

Orkuveitusamstæðan sinnir grunnþörfum samfélagsins og þar má ekki verða brestur á. Stjórn OR vill þakka öllu starfsfólki samstæðu OR fyrir frumkvæði, fyrirhyggju sem og ábyrg og fumlaus viðbrögð við þeirri hættu sem Covid 19 skapar.

1
BH

6. Lögð fram minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða dags. 19. mars s.l. og um stöðu forðagæslu dags. 19. mars s.l. Umræður.
7. Kenneth Breiðfjörð, forstöðumaður Innkaupa kom á fundinn kl 15:45, lagði fram og kynnti innkaupastefnu. Stefnan rýnd og samþykkt samhljóða. Kenneth lagði einnig fram og kynnti innkaupayfirlit ársins 2019.
8. Sólrun Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Mannauðs og menningar mætti til fundarins kl. 16:00 kynnti breytingu á mannaudstefnu. Stefnan borin upp og samþykkt samhljóða. Siðareglur rýndar og samþykktar óbreyttar. Starfsjarastefna rýnd og samþykkt óbreytt.
9. Sólrun gerði grein fyrir stefnuverkefni Mannauðs og menningar vegna ársins 2019 og lykiláherslum ársins 2020.
10. Hallur Símonarson, innri endurskoðandi mætti til fundarins kl 16:24 ásamt Guðjóni Hlynri Guðmundssyni. Lagður fram samningur um innri endurskoðun samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður. Samningurinn borinn upp og samþykktur með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússon, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur, Hildar Björnsdóttir og Eyþórs Laxdal Arndals. Valgarður Lyngdal situr hjá. Valgarður og Halldóra Lóá Þorvaldsdóttir óska bókað:

Við undirrituð, fulltrúar Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar í stjórn OR, lýsum yfir ánægju með þær breytingar sem gerðar hafa verið á samningi um innri endurskoðun, en þær kveða meðal annars á um stjórnskipulegt óhæði innri endurskoðanda OR og milliðalausan aðgang stjórnar og/eða einstaka stjórnarmanna að honum. Með þessum breytingum er komið til móts við sjónarmið minnihlutaæigenda um mikilvægi þess að innri endurskoðandi OR sé óháður eigendum fyrirtækisins.

Hildur Björnsdóttir yfиргaf fundinn kl 16:30.

Hallur Símonarson gerði grein fyrir sveigjanleika og breytingum á endurskoðunaráætlun sem fyrirhugað er að viðhafa á meðan breytingar eru í starfsemi fyrirtækisins vegna Covid-19.

Guðjón Hlynur gerði grein fyrir niðurstöðum eftirfylgniúttektar vegna úttektar á vinnustaðamenningu og mannaudsmálum OR. Umræður.

Stjórn samþykkir að óska greinargerðar frá endurskoðunarnefnd um þann þátt í eftirfylgniúttektinni, sem snýr að skipan stjórnar dótturfélaga.

Stjórn óskar bókað:

Stjórn OR fagnar því hvernig brugðist hefur verið við fyrri skýrslu IE, enda mannaudur fyrirtækisins ekki síður mikilvægur en auðlindirnar. Mikilvægt er að hlúa áfram vel að mannaudsmálum og sofna aldrei á verðinum. Ávallt þarf að tryggja skýra ferla svo starfsfólk viti ætíð hvert það geti leitað með erfið mál, í trausti þess að á þeim verði tekið.

11. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 23. mars 2020 um starfsemina á milli stjórnarfunda.

12. Önnur mál.

- Lögð fram að nýju viljayfirlýsing vegna sölu Landsnets, ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra fjármála OR, dags. 19. mars 2020.

Stjórn samþykkir viljayfirlýsinguna með þeim fyrirvörum sem fram koma í minnisblaðinu og með fyrirvara um samþykki eigenda á síðari stigum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:15.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 8. apríl 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.



Valgarður Lyngdal
Halldóra L. Þorvaldsdóttir

